

Mál nr. 528/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. slysátryggingar ökumanns og eiganda A þegar ekið var á B

Ekið aftan á kyrrstæða bifreið á Holtavörðuheidi þ. 1.2.2008.

Gögn.

1. Málskot mótt ekið þ. 28.11.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-31
2. Bréf V dags. 17.12.2012. ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

A var ekið á tengivagn B. Ökumaður A segist hafa ætlað að aka framúr B sem var kyrrstæð og séð að það var að koma bifreið á móti og hafi M þá hemlað og A lent á tengivagni B. M segist hafa orðið fyrir meiðslum í slysinu og krefst bóta úr slysátryggingu ökumanns A hjá V. Af hálfu M er rakið að verkir hafi farið versnandi frá slysinu og hafi sjúkdómsgreining læknis verið tognun og ofreynsla á lendhrygg auk þess sem talið er að um eftirstöðvar tognunaráverka sé að ræða í baki M. Af hálfu M er á það bent að ekkert í sjúkrasögu hennar geti skýrt þá verki sem hún er með frá baki en fyrir slysið hafi M ekki fundið fyrir slíkum einkennum. Þá er á það bent að bifreið M hafi verið óökuhæf eftir áreksturinn. V hafnar bótskyldu og segir að ekki hafi verið færðar sönnur á að orsakatengsl séu til staðar á milli meintra líkamsáverka M og atviksins þ. 1.2.2008. V bendir sérstaklega á dóm Hæstaréttar Íslands í máli 21/2010 og telur málsatvik þar um margt sambærileg og í þessu tilviki. Þá bendir V á að það sé tjónþola að færa sönnur á tjón sitt, að bótagrundvöllur sé fyrir hendi og orsakatengsl séu á milli tjónsins og hinnar bótaskyldu háttsemi. Af hálfu V er sérstaklega bent á að M hafi leitað til læknis fjórum dögum eftir slysið en síðan ekki fyrr en rúmum tveimur árum síðar vegna þess, en í millitíðinni leiti M til lækna en kvarti ekki undan meiðslum vegna umferðarslyss þess sem hér ræðir um.

Álit.

Miðað við fyrirbyggjandi gögn eru orsakatengsl milli núverandi ástands M og umferðarslyssins þ.1.2.2008 ósönnuð og á M því ekki rétt á bótum úr slysátryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík 15.1.2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.